

Erindisbréf

Starfshópur um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar

Hlutverk:

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 skulu sveitarfélög marka sér stefnu og gera framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Verkefni starfshópsins er að gera framkvæmdaáætlun fyrir kjörtímabilið 2018-2022. Í áætluninni skal m.a. koma fram að sett séu markmið í barnaverndarstarfi, skilgreining á þörfum fyrir úrræði og áætlun um kostnað þeirra, forgangs röðun verkefna, mat á starfsmannþörf og hvernig eftirliti barnaverndarnefnda með aðbúnaði og uppeldisskilyrðum barna skuli háttað. Lögð skal áhersla á samfellu í starfi sveitarfélagsins í þjónustu við börn og fjölskyldur og samvinnu Fjölskyldu- og Fræðslu- og frístundaþjónustu.

Starfshópurinn starfar í umboði Fjölskylduráðs.

Skipulag:

Starfshópurinn skal ljúka við áætlunina eigi síðar en 1. júní 2019. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Halda skal fundargerðir um þau atriði sem skipta kunna máli.

Fulltrúar í starfshópnum:

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í verkefnastjórnina:

Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, fulltrúi meirihluta. Formaður.

Kristjana Ósk Jónsdóttir, fulltrúi meirihluta.

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, fulltrúi minnihluta.

Starfsmenn hópsins eru Helena Unnarsdóttir, deildarstjóri barnaverndar, Haukur Haraldsson, sálfræðingur Fjölskylduþjónustu og Hrunn Apríl Guðmundsdóttir, aðstoðarmaður sviðsstjóra Fræðsluþjónustu.

Starfshópurinn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

Samþykkt erindisbréfs:

Erindisbréf þetta var samþykkt í Fjölskylduráði 14. september 2018.